



Draumaskólinn: Lýðræðisleg og inngildandi samvinnurými barna og fullorðinna í grunnskóla

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Hafdís Guðjónsdóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Virk þátttaka barna í samfélagi er ein leið til farsældar þeirra og því er það helsta verkefni menntakerfisins að tryggja öllum börnum hlutdeild í samfélagi jafnaldra. Greinin fjallar um þróun árangursríkra og sjálfbærra leiða fyrir samvinnu barna og fullorðinna í inngildandi skólastarfi. Draumaskólaverkefnið var unnið á miðstigi grunnskóla sem hluti af þróunarverkefni um þátttöku og valdeflingu barna í samstarfi skólans, frístundamiðstöðvar og rannsakenda Háskóla Íslands. Þátttakendur voru börn og starfsfólk í fimmta og sjötta bekk. Samofin Draumaskólaverkefninu var starfendarannsókn sem náði yfir fimm samvinnulotur, sem fólu í sér skapandi hugmyndavinnu, samtal, áætlanagerð, framkvæmd hugmynda, ígrundun og þekkingarsköpun. Í rannsóknarferlinu var lögð áhersla á að skilja það ferli sem á sér stað þegar samvinna barna og fullorðinna er mótuð og bera kennsl á þá þætti sem skipta máli fyrir valdeflingu barna. Hægt var að greina fjögur þýðingarmikil atriði: Ferli verkefnisins var farvegur fyrir raddir barna, lýðræðisleg og opin samvinnurými veittu svigrúm fyrir ólíkar þáttökuleiðir, sameiginleg ígrundun barna og fullorðinna leiddi til lausna og verkefnið setti í gang valdeflandi náms- og þróunarferli. Frásögn Draumaskólaverkefnisins getur orðið öðrum hvatning til að finna leiðir sem opna fyrir lýðræðisleg vinnubrögð í skóla.

Efnisorð: inngildandi skólastarf, menntun fyrir alla, starfendarannsóknir, þátttaka barna, inngildandi kennslufræði, nemendalýðræði

Inngangur

„Það sem er sérstakt við Draumaskólaverkefnið er að við hugsum ekki bara, heldur framkvæmum líka.“ Svona kynntu nemendur úr sjötta bekk Brekkubæjarskóla verkefnið Draumaskólann fyrir forsetahjónunum Guðna Th. Jóhannessyni og Elizu Reid, sem heimsóttu skólann í desember 2022. Það var greinilegt að börnin voru stolt af verkefninu og því sem þau höfðu áorkað. Þau upplifðu að þau voru virkir þátttakendur í að gera skólann sinn betri fyrir öll börn. Hugmyndir þeirra höfðu fengið brautargengi og orðið að veruleika.

Þróunarverkefnið *Þátttaka er samvinna – valdefling barna* varð til í samstarfi Brekkubæjarskóla á Akranesi, Frístundamiðstjóðvarinnar Þorpsins og rannsakenda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Kveikjan að verkefninu voru áhyggjur starfsfólks Akraneskaupstaðar af mismunandi náms- og félagslegri þátttöku barna. Margir upplifðu að börnin hefðu ójafnan aðgang að félagslegum samskiptum og þátttöku í bekkjarstarfi og leik. Talið var brýnt að bregðast við og hefja aðgerðir sem stuðluðu að því að öll börn upplifðu að þau tilheyrðu skólasamfélaginu. Markmið þróunarverkefnisins var að stuðla að valdeflingu barna og virkri þátttöku í eigin lífi, búa til farveg fyrir raddir þeirra og próa leiðir til að nemendur gætu haft áhrif á skólastarf og skólaþróun (Brekubæjarskóli, e.d.). Innan

Þróunarverkefnisins urðu til mörg minni verkefni og var Draumaskólaverkefnið eitt af þeim. Það var unnið í samvinnu við börn og starfsfólk á miðstigi skólans. Verkefnið var fyrst unnið skólaárin 2020–2022 og hefur farið fram árlega síðan. Stefnt var að því að finna leiðir til þess að börnin gætu áttað sig á hugmyndum sínum, komið þeim á framfæri og séð þær verða að veruleika.

Greinin byggir á niðurstöðum starfendarannsóknar sem var samofin fyrsta Draumaskólaverkefninu. Tilgangurinn með starfendarannsókn var að halda utan um ferlið og nýta túlkun greininga jafnóðum til að móta verkefnið. Markmið starfendarannsóknarinnar var þróun árangursríkra og sjálfbærra leiða fyrir samvinnu barna og fullorðinna í skólastarfi. Í rannsóknarferlinu var lögð áhersla á að skilja ferlið sem átti sér stað þegar samvinna barna og fullorðinna var mótuð og bera kennsl á þá þætti sem skiptu máli fyrir valdeflingu barna. Í greininni er sagt frá því þegar fyrsti samstarfshópurinn fór í gegnum ferlið. Þetta voru börn í fimmta og sjötta bekk (10 og 11 ára gömul), starfsfólk í tveimur árgangateymum og stýrihópur rannsóknarinnar (sjá *Töflu 1*). Greinin fjallar um lærdóm um samvinnu barna og fullorðinna og ákveðin lykiltríði í samvinnuferlinu.

Samhengi

Undanfarinn áratug hefur átt sér stað ákveðin þróun í stefnumótun um menntamál, skólaþjónustu og réttindi barna. Hún birtist í nýrri menntastefnu til ársins 2030, nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, frumvörpum til laga um skólaþjónustu og laga um inngildandi menntun (Stjórnarráð Íslands, 2024) og aðgerðaáætlun um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna 2021–2024 (Þingskjal nr. 1308/2020–2021). Lög nr. 86/2021 setja barnið í brennidepil og skuldbinda samfélagið til að skapa öllum börnum aðstæður og skilyrði til að öðlast farsæld með því að veita viðeigandi samþætta þjónustu þvert á þjónustusvið og -stofnanir án hindrana. Áhersla hefur verið lögð á samráð við hagaðila og sérstaklega hefur verið bent á mikilvægi þátttöku barna, bæði í þróunarvinnu og í varanlegri og sjálfbærri framkvæmd þjónustu. Markmið stefnumótunar á sviði menntunar, farsældar og réttinda barna er að skapa samfélag sem heldur vel utan um börnin og skapar þeim aðstæður þar sem þau eru örugg, vaxa, þroskast, blómstra og tilheyra. Það er ekki sjálfgefið að stefnumótun fylgi árangursrík framkvæmd, eins og kom fram í úttekt Evrópumíðstöðvar um skóla án aðgreiningar og sérþarfir á framkvæmd stefnunnar um menntun fyrir alla á Íslandi (2017). Því er mikilvægt að benda á dæmi um framkvæmd sem hefur tekist vel, skoða þær leiðir sem hafa verið farnar og læra af þeim.

Brekkubæjarskóli hefur á undanförunum árum lagt áherslu á að skapa inngildandi skólasamfélag. Hann er annar tveggja heildstæðra grunnskóla á Akranesi, með um 470 nemendur og um 100 starfsmenn í 80 stöðugildum. Undanfarin ár hefur skólinn verið á þróunarferðalagi með það að markmiði að skapa menningu sem fagnar margbreytileikanum, eykur nemendalýðræði og kemur betur til móts við fjölbreytta nemendahópa. Skólinn hefur breytt stöðþjónustu sinni og stofnað þverfagleg árgangateymi fyrir alla árganga skólans (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2019), sem samanstanda af umsjónarkennurum, fagaðila stöðþjónustu og stuðningsfulltrúum og ber hvert teymi ábyrgð á að veita öllum börnum í sínum hópi viðeigandi stuðning. Þessar breytingar eru dæmi um árangursríka þróun hvað varðar inngildandi menntun og farsæld barna og er það stefna skólans að styðja enn betur við þátttöku barna og lýðræði í skólastarfi (Brekkubæjarskóli, e.d.).

Þátttaka barna

Virk þátttaka barna er lykilhugtak í alþjóðlegri og íslenskrri stefnumörkun og er skilgreind sem bæði markmið menntunar og forsenda hennar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021). Hugtakið þátttaka getur átt við um iðju eða athöfn og getur þá merkt að taka þátt í þeim. Forsenda þátttökunnar er aðgengi að rými, athöfn eða gæðum samfélagsins. Einnig er hægt að skilja hugtakið sem félagslegt gildi og getur þá merkt að tilheyra hópi eða samfélagi, að eiga hlutdeild í einhverju og hafa áhrif á eigið líf og umhverfi. Það er þó líka pólitískt hugtak og vísar þá til grundvallarmannréttinda, lagalegra réttinda og aðildar að ákvarðanatöku (Ólafur Páll Jónsson, 2015; Snæfríður Þóra Egilson,

2016). Í menntastefnu OECD er lögð áhersla á að börn öðlist þekkingu, gildi og hæfni sem stuðla að virkri þátttöku þeirra í samfélaginu. Áhersla er á umbreytandi hæfni (e. transformative skills), eins og hæfni til lausnaleytrar, nýsköpunar og ábyrgðar (Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Kristján Kristjánsson, 2024; OECD, 2019). Menntakerfið þarf að bjóða upp á rými fyrir náms-, félags- og lýðræðislega þátttöku allra barna, tryggja þeim hlutdeild í samfélagi jafnaldra og styðja öll börn í að tileinka sér færni og leiðir til að nýta sér þessi rými.

Námsleg þátttaka og inngildandi námsrými

Í greininni er hugtakið *inngildandi menntun* notað fyrir enska hugtakið inclusive education (Berglind Rós Magnúsdóttir, 2016), þar sem það hefur verið tekið upp í opinberum skjölum um menntun og skólaþjónustu á Íslandi og er notað í lagafrumvarpi (Stjórnarráð Íslands, 2024). Inngildandi menntun er kjarni opinberrar mennta- og skólastefnu á Íslandi og hefur að markmiði að tryggja námslega þátttöku allra barna og aðgengi þeirri að gæðamenntun í samfélagi jafnaldra (lög um grunnskóla nr. 91/2008; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, 2021). UNESCO (2017) skilgreinir inngildandi menntun sem umbreytingarferli sem felur í sér að bera kennsl á hindranir fyrir þátttöku allra nemenda, fjarlægja þær og tryggja að öll börn tilheyri skólasamfélagi og eigi hlutdeild í skólastarfi. Kjarni þessa umbreytingarferlis er að skapa menningu sem fagnar fjölbreytileikanum og þróa leiðir, starfshætti og kennsluáferðir sem gera öllum börnum kleift að blómstra (Ainscow, 2020; Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021; Hafdís Guðjónsdóttir o.fl., 2016; Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010).

Slíkir inngildandi starfshættir (e. inclusive practices), byggðir á inngildandi kennslufræði (e. inclusive pedagogy), miða að réttlæti og jöfnuði og leitast við að veita öllum börnum viðeigandi stuðning án jaðarsetningar (Florian og Black-Hawkins, 2011; Hafdís Guðjónsdóttir og Edda Óskarsdóttir, 2016). Ein leið til þess er að skapa inngildandi námsrými (e. inclusive learning spaces) sem veita börnum tækifæri til að fást við verkefni sem kveikja áhuga þeirra og innri drifkraft til að læra, deila þekkingu og reynslu með öðrum og nýta og þróa auðlindir sínar (Hafdís o.fl., 2016). Viðbragðssnjallt (e. responsive) fagfólk sem hugsar lausnamiðað, sýnir frumkvæði og leggur sig fram við að skilja nemendur og viðurkenna hæfileika þeirra er lykilþáttur í þessu ferli (Hafdís og Edda, 2016; Hafdís Guðjónsdóttir o.fl., 2019). Reynst hefur vel að nýta hugmyndir um algilda hönnun í námi (Hafdís og Edda, 2016; Snæfríður, 2016) og þróa jafningjastuðning innan hópsins (Carter o.fl., 2015).

Þátttaka í inngildandi námsrýmum leiðir til þess að börnin finni að þau tilheyri samfélaginu og eigi hlutdeild í þeim atburðum og samskiptum sem eiga sér stað. Slík námsrými bjóða upp á aðstæður fyrir gagnvirk félagsleg samskipti, eru valdeflandi, einkennast af hlýju, þolinmæði og umburðarlyndi og þar verður til sameiginleg reynsla allra þátttakenda (Fríða Bjarney Jónsdóttir, 2023; Hafdís o.fl., 2016; Kolbrún Þ. Pálsdóttir o.fl., 2022). Til þess að skapa inngildandi námsrými þarf samvinnu fagstétta (Edda Óskarsdóttir, 2017; Sólveig Karvelsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2011) og einnig samvinnu barna og fullorðinna (Hafdís o.fl., 2016).

Félagsleg þátttaka og samverurými

Stór þáttur í farsæld barna er að þau finni til félagslegrar samkenndar og upplifi að þau tilheyri samfélagi jafnaldra, þar sem þau eru viðurkennd eins og þau eru. Félagsleg tengsl eru börnum nauðsynleg til þess að vaxa, læra, dafna og þróa sjálfsmynd, sjálfstæði og sjálfsákvörðun (Ársæll Már Arnarsson o.fl., 2020; Kolbrún o.fl., 2022). Nær öll börn á Íslandi fara í grunnskóla og er hann áhrifaríkur þáttur í lífi allra barna og mikilvægur vettvangur fyrir félagsleg samskipti, tengslamyndun og þróun sjálfsmynda. Fyrir sum börn er skóla- og frístundastarf eini vettvangurinn til þess að vera í félagslegum samskiptum og tengslum við jafnaldra sína og eru það oft börn sem þurfa stuðning til þátttöku (Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Anna Björk Sverrisdóttir, 2021).

Mikilvægt er að vera meðvituð um áhrif félagslegrar þátttöku á nám barna og líðan þeirra og breyta

þáttum sem orsaka einmanaleika og jaðarsetningu (Messiou, 2012). Nauðsynlegt er að hlusta á börn, þar sem þau upplifa frá fyrstu hendi þá þætti sem efla eða hindra þátttöku (Adderley o.fl., 2015). Tilfinningin við að tilheyra veitir börnum öryggi og stýður við þátttöku þeirra en á móti getur upplifun af einmanaleika dregið úr þátttöku, þar sem barn sem upplifir sig jaðarsett félagslega er líklegra til að draga sig einnig í hlé námslega (Messiou, 2012). Að skapa rými fyrir samveru allra barna er því mikilvægur þáttur í inngildandi skóla- og frístundastarfi (Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2015).

Lýðræðisleg þátttaka barna og lýðræðisleg náms- og samvinnurými

Messiou (2019) færir rök fyrir því að lýðræðisleg þátttaka barna sé bæði forsenda og birtingarmynd inngildandi skóla- og frístundastarfs. Nauðsynlegt sé að hlusta á börn til þess að geta þróað inngildandi starf en einnig sé það staðfesting á inngildandi starfsháttum að öll börn geti tekið lýðræðislegan þátt, tjáð skoðanir sínar og haft áhrif.

Í nýrri menntastefnu er skýr áhersla á að auka þátttöku barna í allri ákvarðanatöku og virkja nemendalýðræði á markvissan hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021). Lýðræðis- og mannréttindamenntun tilheyrir grunnþáttum menntunar samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013), ásamt læsi, sjálfbærni, heilbrigði og vellíðan, jafnrétti og sköpun. Í fylgiriti aðalnámskrár um lýðræði og mannréttindi segir að gert sé ráð fyrir „að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði“ (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012, bls. 4). Það þýðir að börn eiga ekki eingöngu að læra um grunnþætti og gildi lýðræðis eða lýðræðislegt stjórnskipulag, heldur þurfa þau að upplifa að vera hluti af og taka þátt í lýðræðislegu umhverfi. Reitz (2020) talar um tvenns konar nálgun í lýðræðismenntun barna; mannréttindanálgun og hagnýta nálgun. Mannréttindanálgun felur í sér fræðslu um lýðræði, mannréttindi og réttindi barna til þátttöku og tryggir börnum tækifæri til að hafa áhrif á eigin menntun og menntun barna almennt, eins og kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (e.d.). Hagnýt nálgun hefur að markmiði að börnin læri leiðir til lýðræðislegrar þátttöku og fái að æfa sig í að iðka hana. Þannig geta þau eflst sem gerendur í umhverfi sínu, upplifað aukna hlutdeild í ákvarðanatöku um skólann og gagnkvæmur skilningur barna og fullorðinna þróast (Guðmundur Heiðar Frímansson, 2013).

Í inngildandi og lýðræðislegu skólastarfi eru börn hluti af lýðræðislegu lærdómssamfélagi og geta haft veruleg áhrif á skólastarfið (Guðmundur, 2013; Ólafur, 2015). Með því að fá börn að borðinu, hlusta á þau og ræða saman er hægt að finna leiðir og lausnir sem hafa jákvæð áhrif á þróun inngildandi skólastarfs. Þar með geta raddir barna orðið hreyfiafl (e. catalyst) í þróunarferlinu (Hajisoteriou o.fl., 2021; Messiou, 2019). Í lýðræðislegu lærdómssamfélagi barna og fullorðinna er sjónarhorn hvers barns mikilvægt framlag til þróunar (Ólafur, 2015). Til þess að árangursrík og lýðræðisleg samvinna barna og fullorðinna geti átt sér stað er þó ekki nóg að hlusta á börn og fá fram upplifanir þeirra, skoðanir og hugmyndir. Skapa þarf lýðræðisleg, örugg og hvetjandi samvinnurými, þar sem börn eiga rödd, áheyrn og hlutdeild í ákvarðanatöku (Hajisoteriou o.fl., 2021; Lundy og Hanna, 2022)

Með Draumaskólaverkefninu var stefnt að því að búa til farveg fyrir raddir barna og skapa lýðræðisleg samvinnurými þar sem börn og fullorðnir sameina krafta sína við að finna leiðir fyrir námslega, félagslega og lýðræðislega þátttöku allra barna. Þetta kallaði á umbreytingarmiðaðar rannsóknaraðferðir sem byggja á samvinnu allra þátttakenda.

Rannsóknin

Rannsóknin var starfendarannsókn og flokkast rannsóknarsniðið undir þátttökurannsókn (e. participatory action research, PAR), en þá mætast allir þátttakendur sem samrannsakendur og eru virkir í þróun rannsóknarinnar, framkvæmd, úrvinnslu og þekkingarsköpun, og eiga þar með hlutdeild í því breytingar- og þróunarferli sem rannsóknin hefur í för með sér (Bou og Sales, 2022; Kemmis o.fl., 2014). Samvinna þátttakenda er hringlaga ferli sem er drifið áfram af þekkingar- og

lausnaleit (e. collaborative inquiry), þátttakendur vinna saman við að safna gögnum og greina þau til þess að ákveða og framkvæma næstu aðgerðir (Carrington o.fl., 2021; Kemmis o.fl., 2014). Frásagnaryni (e. narrative inquiry) er rannsókn á upplifun og reynslu fólks, þar sem frásagnir eru viðfang greiningar (Clandinin, 2013). Þátttakendur fá tækifæri til þess að ferðast saman í gegnum ferli frásagnaryni; upplifa (e. living), segja frá (e. telling), ígrunda og endursegja (e. retelling) og skapa nýja sameiginlega upplifun og reynslu (e. reliving) (Clandinin, 2013; Clandinin o.fl., 2016).

Saman gefa starfendarannsóknir og frásagnaryni tækifæri til að fanga sögur barna af veruleika sínum, endursegja þær saman, rýna í og þar með skapa sameiginlega upplifun. Í rannsóknarferlinu fléttast frásagnir, upplifanir og reynsla allra þátttakenda saman og til verður sameiginleg ferðasaga rannsóknarhópsins sem byggir grunninn að nýjum frásögnum og nýrri þróun. Í gegnum ferlið opnast nýir möguleikar og leiðir til þess að lifa og segja nýjar sögur í framtíðinni (Clandinin o.fl., 2016; Kemmis o.fl., 2014).

Aðferð

Tilgangur starfendarannsóknarinnar á Draumaskólaverkefninu var að halda utan um ferlið og nýta túlkun greininga jafnóðum til að móta verkefnið með það markmið að þróa árangursríkar og sjálfbærar leiðir fyrir samvinnu barna og fullorðinna í skólastarfi.

Í rannsóknarferlinu var lögð áhersla á að skilja það ferli sem á sér stað þegar samvinna barna og fullorðinna er mótuð og bera kennsl á þá þætti sem skipta máli fyrir valdeflingu barna.

Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru hafðar að leiðarljósi:

Hvernig getum við búið til lýðræðislegan samstarfsvettvang barna og fullorðinna í skólanum?

- Hvað þarf til þess að börn komi sínum málefnum og tillögum á framfæri?
- Hvað þarf til þess að tillögur barna um bætt skólastarf fái framgöngu og verði að veruleika?
- Hvað þarf til þess að árangursrík samvinna barna og fullorðinna geti átt sér stað?

Þátttakendur

Þátttakendur í Draumaskólaverkefninu voru börn á miðstigi skólans, árgangateymi þeirra og stýrihópur þróunarverkefnisins *Þátttaka er samvinna – valdefling barna*. Vegna COVID-19 faraldursins tók fyrsta verkefnið eitt og hálf t skólaár, frá september 2020 til desember 2021, sem var á tveimur skólaárum (2020–2022). *Tafla 1* veitir upplýsingar um þátttakendur í fyrsta Draumaskólaverkefninu úr hópi barna og fullorðinna.

Tafla 1

*Þátttakendur í fyrsta Draumaskólaverkefninu 2020–2022**

Tímabil	Börn	Fullorðnir
September 2020 til desember 2021	Árgangur 2009: 53 börn. Var í 6. og 7. bekk á tímabilinu	Árgangateymi 2009: 6 starfsmenn 2010: 5 starfsmenn
	Árgangur 2010: 48 börn. Var í 5. og 6. bekk á tímabilinu	Stýrihópur: Meginrannsakandi, skólastjóri, forstöðumaður frístundamiðstöðvar

*Draumaskólaverkefnið hefur farið fram árlega síðan, í 5. bekk

Í stýrihópi sátu skólustjóri Brekkubæjarskóla, forstöðumaður frístundamiðstöðvarinnar Þorpsins

og meginrannsakandi (fyrsti höfundur greinarinnar). Stýrihópurinn fundaði reglulega yfir tímabilid. Hlutverk meginrannsakanda var að halda utan um rannsóknarferlið og leiða samstarfið en stýrihópurinn tók sameiginlegar ákvarðanir um framvindu verkefnisins. Forstöðumaður Þorpsins var virkur þátttakandi í samvinnu við börnin. Meðhöfundur greinarinnar kom að sameiginlegri ígrundun og greiningu gagna og var gagnrýnninn vinur (e. critical friend) í gegnum ferlið.

Siðferðislegar áskoranir

Í siðareglum Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands (2014) er sérstaklega rætt um þátttöku barna í rannsóknum, mikilvægi þess að vernda hagsmuni þeirra og bregðast við þeim siðferðislegu áskorunum sem geta birst. Rannsóknaráætlun var send til Vísindasiðanefndar sem gerði engar athugasemdir við framkvæmd hennar.

Til þess að gæta persónuverndar og tryggja að börnin verði ekki þekktanleg og berskjölduð í umfjöllun um verkefnið voru skapaðar nokkrar persónur sem eru fulltrúar þeirra barna sem tóku þátt í verkefninu. Persónusköpunin byggir á úrvinnslu rannsóknartexta, þar sem einstaka sögur sameinast í frásögninni. Þess var gætt að nöfnin sem voru notuð myndu ekki í þátttakendahópnum. Lögð var áhersla á upplýsingamiðlun til foreldra og barna til þess að gefa þeim möguleika á að veita upplýst samþykki til þátttöku (Groundwater-Smith o.fl., 2015). Upplýsingarbréf til foreldra var á þremur tungumálum. Börnin fengu kynningu á verkefninu, lögð var áhersla á að þau ættu val um þátttöku og gætu endurskoðað hana í gegnum allt rannsóknarferlið.


Traust er forsenda árangursríkrar samvinnu á jafnræðisgrundvelli og sameiginlegrar þekkingarsköpunar (Clandinin o.fl., 2016; Kemmis o.fl., 2014). Í grunnskóla ríkir ávallt ákveðið valdaójafnvægi milli barna og fullorðinna (Ólafur, 2015). Til að draga úr því var reynt að skapa örugg samvinnurými þar sem öll börn áttu möguleika á að tjá sig og traustið gat vaxið hægt og rólega. Til að mæta fjölbreytileika barnahópsins voru nýttar áþreifanlegar og myndrænar leiðir, sem buðu upp á margs konar verklag og ólíka tjáningu, eins og post-it miðar, myndir, teikningar, veggspjöld o.fl. (Boban og Hinz, 2022; Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Lundy og Hanna, 2022). Einnig voru útbúnir svokallaðir „spjallmiðar“ til að nýta sem kveikju og stuðning í samtali, en það voru plastrenningar með myndum af ýmsum málefnum sem snerta skólastarf og komu fram í draumaskólabókunum.

Gagnaöflun og gagnagreining

Í starfendarannsóknunum fléttast gagnasöfnun og gagnagreining saman, þar sem greining á gögnum hefst um leið og þau verða til (Kemmis o.fl., 2014). Stöðug og endurtekin gagnagreining fór fram og voru börnin virkir þátttakendur og áttu hlutdeild í ákvörðunum sem teknar voru á grundvelli greiningar. Rannsóknarammi Draumaskólaverkefnisins mótaðist af fimm samvinnulotum. Hver lota hafði ákveðið leiðarljós og þær tengjast allar, sjá *Mynd 1*.

Mynd 1

Rannsóknarrámmi Draumaskólaverkefnisins



Leiðarljós fyrstu samvinnulotu var að kveikja áhuga barnanna og hvetja til að móta og tjá hugmyndir sínar um draumaskólann sinn. Meginspurningar voru: Hvernig er þinn draumaskóli? Hvernig er hann öðruvísi en skólinn þinn núna? Börnin ræddu hugmyndirnar í vinnuhópum en einnig hannaði hvert og eitt þeirra Draumaskólabók til að setja sögurnar sínar fram. Draumaskólabækur barnanna voru megingögn í fyrstu lotu og undirstaða vinnunnar í næstu lotu.

Leiðarljós annarrar samvinnulotu var að bjóða börnunum upp á samræður um Draumaskólabækurnar, hlusta á þau endursegja sögurnar, rýna í þær í sameiningu og draga fram megináherslur. Meginspurningar voru: Viltu segja mér frá bókinni þinni? Hvernig gera þínar hugmyndir skólann betri? Ert þú með fleiri hugmyndir fyrir skólann þinn? Samræðurnar fóru fram í tveggja til þriggja manna hópum, samtals 35 samtöl við 78 börn sem hvert tók 30 mínútur. Gögnin sem urðu til voru hljóðupptökur, afrit og samantekt af helstu hugmyndum og áherslum barnanna. Samantektin lagði grunn að áframhaldandi greiningarvinnu, þar sem börnin lögðu mat á mikilvægi málefna og völdu málefni sem þau vildu beita sér fyrir.

Markmið þriðju samvinnulotu var að vinna með þær áherslur sem komu fram í fyrstu tveimur lotunum. Stofnaðir voru ráðgjafahópar um þau málefni sem börnin völdu að vinna áfram með. Hóparnir undirbyggju fundi með skólastjórn. Meginspurningar voru: Hvaða hugmyndir eru raunhæfar? Hvaða hugmyndir viljum við að verði framkvæmdar? Hvernig rökstyðjum við hugmyndirnar okkar? Hvaða skref þarf að taka til að framkvæma þær? Í þessari vinnu fólst tvöfalt endursagnarferli. Í fyrstu endursögn rýndu börnin aftur í samantekt hugmynda og flokkuðu þær eftir því hversu raunhæfar þeim fannst þær vera. Seinni endursögnin fólst í að börnin sömdu rökstuddar tillögur um mögulega framkvæmd á völdum hugmyndum og kynntu þær á fundi með skólastjórn. Gögn eftir þessa lotu voru veggspjöld, fundargerðir og glærुकyningar frá börnunum.

Markmið fjórðu samvinnulotu var að hrinda í framkvæmd áætlunum sem gerðar voru í síðustu lotu. Nú urðu til nýjar upplifanir, reynsla og sögur. Meginspurningar voru: Hvernig hrindum við áætluninni í framkvæmd? Hvernig gengur okkur? Þurfum við að breyta einhverju? Þessi samvinnulota lagði grunninn að nýrri frásögn. Gögnin sem urðu til voru ljósmyndir, textar og kynningar.

Markmið fimmtu samvinnulotu var að ígrunda árangur af nýjum starfsháttum og verkferlum til að skapa varanlega og sjálfbæra vinnuramma en einnig að kynna verkefnið og lærdóminn fyrir fleirum.

Meginspurningar voru: Hvernig viljum við kynna vinnuna okkar? Hvað viljum við draga fram? Hvað hefur gengið vel? Hverju á að halda áfram og hverju þarf að breyta? Meginverkefni lotunnar var að undirbúa og vinna útværpsþátt í Útvarp Akranes og innleiða nýjar leiðir í starfi. Gögnin sem urðu til voru upptökur, handrit að útværpsþætti og fundargerðir.

Mikilvægt skref í starfendarannsóknum er að kynna niðurstöður þeirra, þekkinguna sem hefur áunnist og reynsluna sem skapaðist. Þetta getur reynst flókið verkefni, þar sem ferli starfendarannsókna er mjög umfangsmikið og oft erfitt að kjarna það sem á að segja frá í hvert skipti. Stundum þarf að takmarka frásögnina við ákveðið tímabil, þó að þróunarferlið haldi áfram eftir það (Kemmis o.fl., 2014). Í greininni er notuð frásagnarrýni til þess að nálgast kjarnann í þeim fjölmörgu sögum sem urðu til í verkefninu. Í frásagnarrýni verða til ýmiss konar textar, í upphafi verða til sögur þátttakenda eða vettvangstextar (e. field text). Í gegnum greininguna verða til rannsóknartextar (e. research text) sem fara oft í gegnum nokkur þróunarstig (e. interim research text) áður en lokaútgáfan (e. final research text) verður til (Clandinin, 2013). Sögurnar voru endursagðar mörgum sinnum, ræddar og margar útgáfur skrifaðar af rannsóknartexta og bornar undir þátttakendur þar til lokaútgáfan varð til.

Niðurstöður

Kaflinn fjallar um ferlið í fyrsta Draumaskólaverkefninu. Frásögnin hefst í ágúst 2020 og lýkur í desember 2021. Í kaflanum fylgjum við þeim Ara, Gaut, Kára, Klöru, Nökkva, Pétri og Sonju í gegnum samvinnuloturnar fimm, en persónur þeirra eru tilbúnar úr frásögnum margra barna. Allar beinar tilvitnanir eru orðréttar og byggja á mörgum samtölum. Í frásögninni eru meginrannsakandi og stýrihópurinn í fyrstu persónu („ég“/„við“).

Fyrsta og önnur samvinnulota: Draumaskólabækur og samtal

Draumaskólaverkefnið hófst sem sameiginlegt smiðjuverkefni í fimmta og sjötta bekk. Smiðjur eru vikulegar kennslustundir, þar sem nemendur vinna saman að þematengdum og oft skapandi verkefnum. Börnin byrjuðu að ræða saman í hópum um draumaskólann sinn og síðan útfærðu þau hugmyndirnar í sína eigin Draumaskólabók. Sökum samkomutakmarkana hófst næsta skref ekki fyrr en í nóvember, en þá fékk ég að koma í skólann, kynna næsta skref fyrir börnunum og bjóða þeim að taka þátt í samræðum um Draumaskólabækurnar sínar. Flest börnin vildu vera með og ákveðið var að öll sem vildu fengju það. Vegna sóttvarnareglna var ákveðið að tvö til þrjú börn væru í hverjum hópi, en þannig gátum við haldið hæfilegri fjarlægð.

„Skólinn á að veita börnum hamingju“

Þegar ég kom inn í sjötta bekk til að ná í fyrsta hópinn, heyrði ég kallað „Ari, hún er komin, komdu, við skulum fá að fara! [Nafn starfsmanns], megum við fara núna?“ Það var Pétur sem kallaði, en ég mundi eftir honum síðan á kynningunni, hann var spurull. Strákarnir hlupu á undan inn í fundarherbergið, Ari settist í stól en Pétur beint á borðið. Báðir voru með grímur, en Ara gríma var hálf út á hlið og Péturs gríma hékk undir hökunnni. Ég settist í stól, heilsaði og tók af mér grímuna:

Ég: Sælir strákar, gaman að sjá ykkur, ég tek aðeins af mér grímuna svo að þið vitið nú hver ég er.


Pétur: Við vitum alveg hver þú ert, þú varst hjá okkur í gær! Ég þekki þig á röddinni og augunum.

Eftir þetta var ekki meira talað um grímur. Strákarnir skrifuðu undir samþykki fyrir þátttöku í samtali og upptöku og samtalið um Draumaskólabækurnar þeirra hófst. Þeir voru spenntir að sýna mér

og töluðu hvor ofan í annan. Ari rétti mér bókina sína og benti stoltur á forsíðumyndina (*Mynd 2*): „Sjáðu, hér teiknaði ég mynd af svona gaming setup, eða gaming-herbergi í skólanum.“

Mynd 2

Forsíðumynd í Draumaskólabók: School with gaming setups



Ari sagðist hafa gaman af tölvuleikjum og vildi að þeir væru oftari í boði. Það væri hægt að læra margt í tölvuleik og það væri skemmtilegur lærdómur. Að hans mati væri mikilvægt að börn væru glöð í skólanum og að þeim liði vel. „Skólinn á að veita börnum hamingju ... í staðinn fyrir fullt af einhverju dóti sem við þurfum að gera,“ sagði Ari.

Pétur var spenntur að sýna mér bókina, var búinn að snúa sér í marga hringi á borðinu á meðan hann beiddi eftir því að komast að og opnaði bókina á teikningu af skólalóðinni:

Pétur: Sjáðu, hér, þetta er hvernig ég vil hafa skólalóðina.


Ég: Já, vá, er þetta risaeðlukastali?

Pétur: NEI!! [hneykslaður]. Þetta er sko grindverkið í kringum fótboltavöllinn, af því að boltinn fer alltaf yfir!

Ari: [grípur fram í og sýnir mér bókina sína] (*Mynd 3*), ... en sjáðu, ég er með risaeðlu, sjáðu, hér er svona risaeðlurennibraut, þarna klifrar maður upp í, svo rennur maður hérna niður ... og svo er þetta hér, rennibrautarkastali, og hér eru bara klessubílar sem maður getur farið í, hér er trampólín fyrir marga að hoppa saman, þarna er ærslabélgur við hliðina á trampólíninu, og hér svona róla, þar sem maður getur rólað saman og spjallað ... [útskýrir með því að benda á myndina].

Mynd 3

Teikning af skólalóð í Draumaskólabók



Eftir þetta vék umræðan að kennslustundum og lærdómi. Ari og Pétur höfðu báðir orð á því að þeim fyndist oft leiðinlegt að sitja og vinna verkefni. Pétur talaði um að honum þætti stærðfræði erfið og að hann skildi ekki alveg dæmin, og Ari tók undir það:

Ari: Ef við vitum ekki dæmið, þá gerum við ekki neitt og þá labbar hann [Pétur] út úr stofunni, það er vandamálið við Pétur, hann fer út úr stofunni, ég bara geri ekki neitt.

Hér mátti heyra að þeir voru að einhverju leyti búnir að gefast upp og sáu ekki hvernig þeir gætu tekist á við verkefni. Ég spurði hvort þeir væru með tillögur að lausnum og fannst þeim góð hugmynd að skipta bekknum í minni hópa og hafa fleira starfsfólk til aðstoðar. Við ræddum hvernig best væri að skipta í hópa og hvort skipta ætti eftir getu, börnin fengu að velja eða kennararnir skiptu í hópa. Pétur var sannfærður um að hann yrði settur í getuminnsta hópinn ef raða ætti í hópa eftir getu:

Pétur: Kennarinn myndi setja mig í tregu stofuna, þeir [kennarar] myndu halda að ég sé tregur ... þeir halda allir að ég sé heimskur.

Ari: Af hverju sjá þeir ekki hvað þú ert klár?

Pétur: Because they are blind. Mig langar alveg að læra, nema þegar ég get ekki, þá langar mig ekki.

Þeim fannst góð hugmynd að nemendur fengju meira val um verkefni og námsrými og hvernig þeir ynnu verkefni, en einnig að börnin fengju að hjálpast að.

„Maður getur valið hvað maður fær“

Gautur, Klara og Sonja mættu saman. Klara og Sonja settust strax við borðið en Gautur var ekki búinn að ákveða hvort hann vildi vera með og beið í dyragættinni og fylgdist með. Ég gaf honum tækifæri til að horfa á og hlusta áður en hann tæki ákvörðun. Klöru og Sonju fannst skrytið að vera beðnar um að skrifa undir samþykkisblöð en ég útskýrði að samþykki þeirra skipti máli. Þær mættu

segja „nei“ þó að foreldrar hefðu sagt „já“. Þær voru sáttar við það og samþykktu þátttöku. Til að fá samræður í gang raðaði ég spjallmiðum á borðið og spurði hvaða málefni sem þau unnu með í bókinni hefðu vakið mestan áhuga þeirra. Gautur fylgdist grannt með og smátt og smátt kom hann nær til þess að skoða miðana. Ég sneri mér að honum og spurði hvað honum hefði þótt skemmtilegast:

Gautur: Mér fannst mjög skemmtilegt að búa til matsæðil.

Ég: Ókei, frábært! Viltu sýna mér?

Gautur: Já, [sýnir mér hikandi blaðsíðuna] ... en [kennari] skrifaði þetta allt saman, ég sagði og hún skrifaði ... mér finnst erfitt að skrifa.

Ég: Það er í góðu lagi, hér er skemmtileg hugmynd [les í bókinni hans]: Hver stofa má velja einu sinni hvað er í matinn ... ert þú þá að spá í allan skólann?

Gautur: Já.

Hér hefði ég átt að láta Gaut undirrita samþykkisblað fyrir þátttöku, en ákvað að sleppa því, var hrædd um að hann hætti við ef ég krefði hann um að skrifa. Ég mat það þannig að það jafngilti undirskrift að hann ákvað að koma til okkar og taka þátt í samræðunum. Áhugi stelpnanna vaknaði við þetta spjall okkar Gauts:


Klara: Kannski að hver bekkur myndi velja eina vikuna, sjáðu, ég gerði matsæðil fyrir eina vikuna fyrir minn bekk [sýnir mér bókina].

Gautur: Eða kannski bara einn bekkur í mánuði megi velja hvað er í matinn, sirka kannski ... kannski einn tvisvar sinnum, svo það passi.

Í áframhaldandi samræðum um matinn kom í ljós að börnin lögðu áherslu á meira val um mat. Sonja sýndi mér mynd af hlaðborði, eða salatbar, þar sem „maður getur valið það sem maður fær“ (*Mynd 4*).

Mynd 4

Mynd af salatbar í Draumaskólabók



Börnunum fannst mikilvægt að mæta ólíkum þörfum varðandi mataræði. Klara sagði frá vini sínum sem væri með ofnæmi og gæti aldrei farið inn í matsal þegar fiskur væri í boði. Gautur sagði að sér myndist oft erfitt að vera í matsal vegna hávaða:

Gautur: Ég vildi að það væru tveir matsalir, ... og í einum matsal er rólegt, engin læti, fyrir þau sem eiga erfitt með að vera í svona háværum matsal.

Klara: Já, og einn er fyrir börn sem eru með ofnæmi, en þá geta líka hinir farið þangað sem vilja ekki fisk.

Sonja: ... það skemmtilegasta við að vera í matsalnum er að vera með vinum.

Klara, Sonja og Gautur voru sammála um að það skipti miklu máli að fá nóg að borða til þess að skóladagurinn gengi vel og jafnvel ætti að bjóða upp á morgunmat, eins og hafragraut, morgunkorn, brauð, djús og ávexti. Gautur virtist vera orðinn þreyttur, hann rann neðar og neðar í stólnum og var að lokum kominn undir borð. Ég spurði hvort hann vildi fara aftur í stofuna sína. „Má ég það?“ spurði hann hissa og ég sagði honum að hann réði hvað hann vildi vera lengi. Hann ákvað að fara og ég þakkaði honum fyrir þátttökuna.

„Það er mikilvægt að eiga vini til þess að þykja vænt um sjálfan sig“

Það var komið fram í desember þegar ég hitti Fjólu og Kára. Kári var oft búinn að biðja um að koma, beið frammi á gangi þegar ég kom og spurði hvort Fjóla mætti koma með. Hún horfði á mig óörugg og sagði: „En ég er ekki með neina bók.“ Ég sagði að hún mætti að sjálfögðu koma og byrjaði á að spyrja hvernig þeim fannst að hugsa um draumaskólann:

Kári: Það var bara fínt.

Fjóla: [talaði mjög lágt] Mér var bara alveg sama, ekki skemmtilegt, ekki leiðinlegt, en ég nennti eiginlega ekki að gera það ... enn eitt svona boring verkefni þar sem þarf að skrifa eitthvað.

Þau fengu að draga spjallmiða og Fjóla dró miðann: „Hverju þarf að breyta í skólanum þínum?“ Kári var fljótur til svars að það væri skólalóðin: „Við erum oft bara að rölja í kringum húsið, af því að það er ekkert annað að gera.“ Fjóla og Kári sögðust oft vera tvö saman í frímínútum og spjalla og það væru fleiri sem gerðu það. Við veltum fyrir okkur hvort allir hefðu einhvern til þess að vera með í frímínútum eða hvort einhverjir væru einir. Þau sögðu að til væru „grúppur“, bæði „stelpu- og stráka-grúppur“, og erfitt gæti verið að komast í þær og ekki öll velkomin:

Kári: Stundum eru sumir einir, en maður veit það ekki, af því að þau láta ekki vita, þau þykjast bara.

Fjóla: Stundum eru krakkar vanir því að einhverjir vilji ekki vera með og þá er þeim ekki boðið með, við erum bara vön því að þau eru ekki með.

Ég: Eruð þið með hugmyndir um hvernig hægt væri að breyta þessu og hjálpa börnum sem eru ein?

Kári: Mér finnst að það ætti að nefna aftur í bekknum þarna sólina, þarna, staurinn sem maður getur farið til þess að finna vini ... þegar maður er einn þá fer maður þangað og þá býður einhver manni að vera með.

Hann útskýrði að fyrir mörgum árum hefði verið máluð sól á skólalóðina í kringum ljósastaur og enn sæist aðeins í hana. Þangað gátu börn farið þegar þau vantaði einhvern til að leika við, en núna væru allir búnir að gleyma þessu og því þyrfti kannski að minna á fyrirkomulagið. Þeim fannst að námið ætti að hjálpa börnunum og með því að nýta styrkleika sína gætu þau öðlast sjálfstraust og myndað góða sjálfsmynd:

Fjóla: Mikilvægt að fá að gera það sem maður er góður í.

Kári: Það er mikilvægt að eiga vini til þess að þykja vænt um sjálfan sig, þá getur maður vitað að einhverjum finnst skemmtilegt að vera með manni. Það er mikilvægt að læra að elska sjálfan sig.

Mikilvægast að þeirra mati var hins vegar að öll börn hefðu einhvern til þess að tala við þegar þeim liði illa. Fullorðnir þyrftu að leggja sig fram við að athuga hvernig börnum liði, annars væri hætta

á að börnum liði sífellt verr og vandamálin yrðu sífellt stærri. Á þessum tímapunkti tók ég eftir að tjáning Fjólu hafði breyst síðan samtalið byrjaði, hún talaði mjög lágt í byrjun og var erfitt að skilja hana, en röddin hækkaði í gegnum samtalið og þegar hér var komið sögu talaði hún ákveðið og skýrt:

Fjóla: Stundum eru börn of feimin til að segja frá, segja kannski nei þegar einhver spyr ... en það er ekki rétt, þá þarf að spyrja meira.

Kári: Krakkar í dag, þau hafa svona eitt lítið vandamál, og þau tala ekki um það ... og þá koma alltaf meira og meira ... og svo verður þetta svaka stórt vandamál.


Kári sagði frá kennara sem hjálpaði honum mjög mikið þegar honum leið illa, einmitt með því að halda áfram að spyrja um líðan hans, þó að hann segðist vera fínn.

Hvað er mikilvægast?

Samtölum lauk um miðjan febrúar og í byrjun mars hélt ég ásamt forstöðumanni frístundamiðstöðvar úrvinnslufund með börnunum og árgangateyminu. Börnin ræddu í hópum um málefni sem mest áhersla var lögð á og flokkuðu eftir mikilvægi. Einnig valdi hvert barn málefni til að vinna með. Þannig fengust niðurstöður bæði úr hópavinnu og einstaklingsóskir hvers og eins. *Mynd 5* sýnir veggspjöld með niðurstöðum úr þessari vinnu.

Mynd 5

Veggspjöld með niðurstöðum bekkjanna um mikilvægustu málefni



Við fengum umboðsmann barna til þess að kynna Barnasáttmálann fyrir börnunum. Börnin gátu tengt fjölmargar greinar Barnasáttmálans við Draumaskólaverkefnið, mun fleiri en fullorðna fólkið hafði búist við. Einnig kynnti umboðsmaður ráðgjafahóp barna sem er á hans vegum. Börnunum fannst hann afar áhugaverður og því var ákveðið að stofna ráðgjafahóp um hvert þeirra málefna sem börnin töldu mikilvægust, sem voru matur, skólalóð og vinátta.

Þriðja samvinnulota: Ráðgjafahópar


Börnunum var skipt í ráðgjafahópa eftir þeirra óskum, í hverjum hópi voru 15–17 börn og eftir enn eitt hlé vegna sóttvarnareglna hófst vinna ráðgjafahópa um miðjan apríl. Verkefni þeirra fór fram í þremur skrefum. Í fyrsta skrefi voru allar hugmyndir sem höfðu komið fram skoðaðar og þeim forgangsraðað. Í næsta skrefi var unnið að rökstuðningi ásamt drögum að áætlun um hugsanlega framkvæmd. Í þriðja skrefi voru áformin kynnt á fundi með skólastjóra.

Ráðgjafahópur um matinn

Fundurinn hófst á hópeflisleik, það var fjör í leiknum og mikið hlegið. Eftir það báðum við börnin um að setjast í hring og settum pappírsörk á gólfið. Við teiknuðum stóran hring í miðjuna, sem við kölluðum „raunveruleikahring“. Til þess að allar hugmyndir og ábendingar úr fyrstu lotunum fengju áheyrn hafði ég safnað þeim saman og flokkað eftir ráðgjafahópunum. Ég setti hugmyndirnar á A4-blöð og hengdi sum á vegginn en dreifði líka nokkrum eintökum á borðin í stofunni. Við báðum börnin um að setja raunhæfar hugmyndir til framkvæmda í hringinn en síður raunhæfar hugmyndir fyrir utan hann. Börnin fengu að velja eins margar hugmyndir og þau vildu og ekki skipti máli þótt þær væru komnar á veggspjaldið. Við vildum ekki að vangaveltur um hvað aðrir væru að gera trufluðu flæðið. Börnin tóku öll virkan þátt, spjölluðu mikið og hlógu. Smám saman fór veggspjaldið að fyllast af miðum (*Mynd 6*).

Mynd 6


Börn raða miðum í raunveruleikahringinn



Gautur settist við borð hjá tveimur strákum. Ég sá þegar hann benti Nökkva á hugmyndablöðin sem ég hafði hengt upp á vegg. Ég fór nær og heyrði að Gautur sagði: „Sjáðu, ég var með þessa hugmynd, að bekkir mega velja í matinn, er þetta ekki góð hugmynd?“ Nökkvi náði í límmiða, skrifaði hugmyndina á hann og setti í raunveruleikahringinn (*Mynd 7*).

Mynd 7


Post-it miði í raunveruleikahringnum: „Bekkir skiptast á við að ákveða hvað er í matinn“



Í lok fundarins settumst við aftur í hring, skoðuðum veggspjaldið og ákváðum að flokka svipaðar hugmyndir saman (*Mynd 8*).

Mynd 8

Raunveruleikabringur ráðgjafahóps um matinn



Fyrir áframhaldandi vinnu á næstu fundum skiptist hópurinn upp í minni verkefnahópa sem hver vann með eina hugmynd. Í áætlanagerðinni veltu börnin fyrir sér af hverju hugmyndin þeirra væri góð og mikilvæg, hver gæti aðstoðað við að raungera hana og hvaða skref þyrfti að taka í framkvæmdinni.

Gautur og Nökkvi voru í fimm manna hópi sem vann með hugmyndina um að nemendur mættu ákveða matseðilinn einu sinni í mánuði. Smá hnökrar komu upp þegar hefja átti vinnuna því þau vissu ekki hvernig þau gætu byrjað. Við settumst með þeim og hugstormuðum um hvers vegna hugmyndin væri góð og hvað þyrfti að gera til að hún gæti orðið að veruleika. Smám saman fór Nökkvi að taka að sér hlutverk leiðtoga í þessari vinnu. Hann var fljótur að átta sig á hvernig hægt væri að raða aðgerðum í tímaröð og leiddi hópin áfram í því.


Á fundi með skólustjóra kynnti hópurinn þessa hugmynd, sem hann hafði kosið að kalla „Val nemenda“. Vel var tekið í hugmyndina, ákveðið að framkvæma hana um haustið og að undirbúningur hæfist strax. Fleiri hugmyndir fengu áheyrn og ákveðið var að gera könnun meðal nemenda og foreldra um áhuga á morgunmat í skólanum og ræða reglur í matsal með teymunum á bekkjarfundum. Eitt barn spurði hvort mögulegt væri að hafa kandífloss í eftirrétt og gaf fyrirspurnin skólustjóra gott tækifæri til þess að útskýra reglugerðir um mótuneyti skóla og fyriræli um hollt mataræði í skólum.

Ráðgjafahópur um vináttu

Ráðgjafahópurinn um vináttu vann á mjög svipaðan hátt og hinir. Börnin voru einbeitt, spjölluðu saman og veggspjaldið var fljótt að fyllast. Fjóla skrifaði hugmyndina um sólina á skólalóðinni (*Mynd 9*).

Mynd 9

Post-it miði í raunveruleikahringnum



Mörg börn skrifuðu skilaboð eða hagráð um vináttu og góð samskipti og settu í hringinn. Dæmi um það voru: „Ekki dæma aðra“, „Vertu duglegur að bjóða með í leik“, „Verið góð við aðra“ og „Læra að það eru ekki allir eins“. Pétur stakk upp á að búa til veggspjöld með slíkum hagráðum til að hengja upp í skólanum og féll hugmyndin í góðan jarðveg.

Fjóla og Sonja ásamt þremur stelpum til viðbótar mynduðu hóp utan um sólarhugmyndina. Þær teiknuðu sólina frá nokkrum sjónarhornum til að sýna á fundi með skólustjóra (*Mynd 10*) og sömdu leiðbeiningar og reglur um hvernig ætti að nýta sólina.

Mynd 10

Teikning nemandar af sólinni



Á fundinum með skólustjóra var ákveðið að mála sól á skólalóðina á sama stað og áður, en mála fleiri síðar. Einnig að þetta yrði árlegt verkefni sem væri í umsjón 6. og 7. bekkja. Pétur og hópurinn hans kynntu hugmyndina um vináttu-veggspjöldin, sem var samþykkt.

Ráðgjafahópur um skólalóð

Vorið 2019 höfðu öll börn í skólanum tekið þátt í könnun um hönnun skólalóðarinnar og var búið að samþykka teikningu af lóðinni sem byggði á hugmyndum þeirra. Gert var ráð fyrir að framkvæmdir hæfust vorið 2021 en ekki var búið að upplýsa börnin í skólanum um það. Við þessar upplýsingar varð ljóst að hópurinn yrði að nálgast verkefnið á annan hátt, þar sem ákvarðanatöku á grundvelli hugmyndavinnu barnanna hafði nú þegar átt sér stað.

Á næsta fundi ráðgjafahópsins fengu börnin að skoða tvær teikningar af skólalóðinni. Fyrri teikningin sýndi nær allar hugmyndir barnanna samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar og var gerð kostnaðaráætlun eftir henni. Í seinni teikningunni hafði arkitektinn unnið út frá samþykktum kostnaði. Eintökum af teikningunum var dreift á borðin fyrir börnin að skoða. Börnin voru mjög spennt og heyrðust hróp og köll þegar þau uppgötvuðu eitthvað áhugavert. Ari og Kári voru að skoða saman, en Ari var fljótlega kominn upp á borðið til að sjá betur:

Ari: Nei, sjáið þið, hérna er kastali, alveg eins og ég vildi, ... og trampólín ... og rólur í hring! [benti á seinni teikninguna].

Kári: Já, en ... það vantar kóngulóarnetið, það er á þessari teikningu [benti á fyrstu teikninguna], en svo er það ekki hér, af hverju er það? [leit á okkur].

Ari: Ég vildi líka hjólabrettaramp, ég sé hann ekki ... við fáum örugglega aldrei svoleiðis, við erum alltaf að biðja um það!

Ákveðið var að hópurinn útbyggja lista með spurningum sem hann vildi fá svör við, betri upplýsingar eða útskýringar. Kári stakk upp á að flokka hugmyndir sem börnin höfðu sett í raunveruleika-hringinn í tvo hópa, annars vegar hugmyndir sem væru komnar í lokateikninguna og hins vegar þær sem væru ekki þar en gætu verið góðar fyrir áframhaldandi endurbætur. Börnin voru sjálfstæð í þessari vinnu (*Mynd 11*).

Mynd 11

Vinna ráðgjafahóps um skólalóð



Á fundinum með skólastjóranum útskýrði hann fyrir börnunum hönnunarferli lóðarinnar, ákvarðanatöku og hvernig arkitektinn hefði unnið með hugmyndirnar þeirra. Börnin fengu svör við fjölmörgum spurningum og ákveðið var að ráðgjafahópurinn upplýsti aðra nemendur skólans um stöðuna.

Fjórða og fimmta samvinnulota: Framkvæmd hugmynda og útvarpsþáttur

Fjórða samvinnulotan hófst á málþingi í bekkjunum þar sem ráðgjafahóparnir kynntu vinnu sína og þær ákvarðanir sem höfðu verið teknar á fundinum með skólastjóra. Öllum nemendum gafst tækifæri til að spyrja spurninga og koma með athugasemdir og vangaveltur. Framkvæmdavinnan var sett í bekkjarnámskrá haustannar 2021 sem þemaverkefni undir heitinu: *Ég tek þátt!* Árgangateymið hafði umsjón með framkvæmdinni og skipti með sér verkefnum. Börnum sem völdu að taka ekki þátt í þessu var boðið upp á annars konar verkefni.

Gautur og félagar kynntu hugmyndina um Val nemenda. Kosning bekkja um óskamáltíð fór fram í kjölfarið og eftir fund með matráði og skólastjóra var Val nemenda sett á matsedil skólans einu sinni í mánuði fyrir allt árið. Hópur Klöru sendi út könnun til allra nemenda og foreldra skólans til að kanna áhuga á að skólinn byði upp á morgunmat og vann stærðfræðikennarinn með þeim í því. Ari, Kári og fleiri börn úr ráðgjafahópi um skólalóð héldu upplýsingafund fyrir bekki á yngsta stigi. Fjöla, Sonja og hópurinn þeirra byrjuðu að mála sólina á skólalóðina strax um vorið (*Mynd 12*) en markviss kennsla fyrir yngri bekki hófst í byrjun haustannar. Pétur og félagar ákváðu að bjóða fleirum með í gerð veggspjalda um vináttu sem síðan voru hengd upp á vegg skólans.

Mynd 12

Sól máluð á skólalóðina



Fimmta samvinnulotan fólst í gerð útvarpsþáttarins „Kandifloss og frímínútur“ fyrir Útvarp Akranes sem fór í loftið fyrstu helgi í aðventu (*Mynd 13*). Ari, Gautur, Kári, Klara og Sonja voru í útvarpsnefndinni ásamt 13 börnum sem höfðu áhuga á að taka viðtöl, gera lagalista, búa til skemmtiatriði eða vera þáttastjórnendur í beinni útsendingu. Öll viðtöl voru hljóðrituð og starfsmaður skólans aðstoðaði við að velja úr efninu og klippa það til fyrir útsendinguna.

Mynd 13

Útvarpsþáttur



Hér eru nokkur dæmi þar sem börnin ræða reynsluna af að hafa áhrif, samvinnu barna og fullorðinna og breytingar á skólastarfi í kjölfar verkefnisins.

Reynsla barna af því að hafa áhrif

Ari tók viðtal við Gaut og Pétur, sem þótti skemmtilegast við Draumaskólaverkefnið að gera eitthvað sem þeir höfðu ekki gert áður:

Pétur: Ég var að segja það sem ég vildi mest hafa ... og ég hef aldrei gert verkefni um eitthvað sem ég vildi hafa áður, við erum bara ekki vön að gera þetta.

Gautur sagði frá því þegar hópurinn hans kynnti fyrirkomulagið um Val nemenda í öllum bekkjunum og hann var enn efins um að það myndi raungerast:

Gautur: ... en ég man, rétt áður en við fórum að tala, þá hugsaði ég ... þetta er aldrei að fara að gerast í alvörunni.

Ari: Finnst ykkur að það ætti að gera fleiri svona verkefni í skólanum?

Gautur: Já, verkefni sem eru þannig að börnin byrja á því að tala svona við einn kennara ... og svo nokkra krakka ... og svo bara allan skólann. Eins og Val nemenda, það byrjaði bara sem lítil hugmynd, svo fórum við að tala um það, og svo er það bara komið núna.

Strákarnir voru sáttir og það kom þeim á óvart að hlustað var á hugmyndir þeirra, en þeir vonuðust til að fá fleiri svona verkefni í framtíðinni.

Upplifun starfsfólks á samvinnu barna og fullorðinna

Klara og Sonja tóku viðtal við árgangateymið og spurðu um upplifun þess á verkefninu:

Starfsmaður 1: ... út frá ykkar hugmyndum, þá þróaðist verkefnið alltaf lengra og lengra, þetta áttu nú bara að vera örfáar vikur ... en hér erum við enn þá nánast einu og hálfu ári seinna, enn þá að vinna með þetta og gera meira, sem er bara frábært.

Klara: Haldið þið að hugmyndir sem krakkarnir voru með í Draumaskólaverkefninu munu breyta einhverju í alvörunni?

Starfsmaður 2: Já, við erum bara strax farin að sjá breytingar í skólanum, með matinn og Val nemenda ... og þið eruð farin að átta ykkur á að þið getið haft áhrif á skólastarfið.

Starfsmaður 1: Sammála, ég held að það gefi allavega öðrum nemendum byr undir báða vængi með að vera með sínar eigin skoðanir.

Sonja: Eruð þið að gera eitthvað öðruvísi?

Starfsmaður 2: Já, þetta er orðið svona involverað í skólastarfið núna, ... og ef þið eruð ekki alveg að nenna að gera eitthvað, þá er maður kominn meira í þessari spurningu, já, ókei, hvernig mynduð þið frekar vilja gera þetta, ... vera dugleg að spyrja spurninga og hlusta á það sem þið segið.

Breytingar á skólastarfi í kjölfar verkefnisins

Kári tók viðtal við skólastjóra um árangur verkefnisins og áhrif þess á skólastarfið:

Skólastjóri: Ég er mjög ánægð með það sem kom út úr verkefninu ykkar, við sjáum það strax hvað þetta verkefni hefur haft mikil áhrif út í skólann.

Kári: Heldur þú að Draumaskólaverkefnið verði áfram?

Skólastjóri: Já, ég vona bara að það sé komið til að vera, ég vona að það sé bara upphafið að því að við finnum okkur ákveðið form í því að leita eftir ykkar skoðunum og til þess að þið nemendur getið haft áhrif á skólann ykkar og skólastarfið, þessi vinnubrögð, þau eru komin til að vera.

Það kom í ljós að þátttakendur, börnin og fullorðnir, upplifðu Draumaskólaverkefnið sem farsæla leið til þess að þróa skólastarfið. Ákveðið var að innleiða verkefnið í bekkjarnámsskrár fimmta bekkjar og halda áfram að þróa það. Fleiri hugmyndir barna hafa verið framkvæmdar, eins og klúbbastarfi á miðstigi í samvinnu við Þorpið og skólabókasafnið, aðgengileg leiktæki og skólapeysur fyrir nemendur og starfsfólk. Einn ráðgjafahópur lagði til að kennd yrði ný námsgrein, „lífs-fræði“, sem eru fræðin um það sem þarf að kunna til að lifa farsælu lífi. Hópurinn bauð Ásmundi Einari Daðasyni, mennta- og barnamálaráðherra, í heimsókn og kynnti þessa hugmynd fyrir honum.

Umræða

Markmið Draumaskólaverkefnisins og starfendarannsóknarinnar sem var samofin því var að þróa árangursríkar og sjálfbærar leiðir fyrir samvinnu barna og fullorðinna í skólastarfi. Í rannsóknarferlinu var lögð áhersla á að skilja það ferli sem á sér stað þegar samvinna barna og fullorðinna er mótuð og bera kennsl á þá þætti sem skipta máli fyrir valdeflingu barna. Leiðarljós okkar voru rannsóknarspurningar um hvernig við getum búið til lýðræðislegan samstarfsvettvang barna og fullorðinna í skólanum og hvað þarf til þess að börnin geti komið tillögum sínum á framfæri, séð þær verða að veruleika og árangursrík samvinna barna og fullorðinna geti átt sér stað. Á ferðalaginu í

gegnum Draumaskólaverkefnið lærðum við að ferðin sjálf gegndi lykilhlutverki. Það var nauðsynlegt að fara í gegnum allar fimm samvinnulotur verkefnisins til þess að nálgast markmiðin og leggja grunn að þeim lýðræðislega samstarfsvettvangi sem við létum okkur dreyma um í upphafi. Þegar við rýndum í rannsóknarferlið fundum við fjögur þýðingarmikil atriði: 1) Ferli verkefnisins, 2) lýðræðisleg og opin samvinnurými, 3) sameiginlega ígrundun og 4) valdeflandi náms- og þróunarferli.

Ferli verkefnisins var farvegur fyrir raddir barna

Með því að rýna í gögnin sáum við hvernig ferli verkefnisins var eflandi, hugmyndir barnanna þróuðust og urðu að veruleika, þátttaka þeirra jókst í gegnum verkefnið, raddir þeirra urðu sterkari og samvinnan meiri. Vinnan í hverri lotu byggði á því sem gert var í lotunni á undan en undirbjó á sama tíma vinnuna fyrir næstu lotu. Sögur barnanna voru drífandi afl í þessu samvinnuferli sem leiddi til þess að börnin höfðu í raun og veru áhrif á skólastarfið. Fleiri rannsóknir hafa sýnt að raddir barna geta verið hvati (e. catalyst) í þróun inngildandi skólastarfs (Carrington o.fl., 2021; Messiou, 2019) þegar börnin fá að deila valdi og ábyrgð við ákvarðanatöku og eiga hlutdeild í samvinnuferli skólasamfélagsins (Carrington o.fl., 2021; Hajisoteriou o.fl., 2021; Ruth og Kolbrún, 2015). Ferli verkefnisins tryggði börnunum rými, rödd, áheyrn, áhrif og endurgjöf (Lundy og Hanna, 2022). Frásagnir þeirra fengu að vaxa og mótast í gegnum samtal og samvinnu og lögðu grunn að nýjum starfsháttum (sjá Mynd 1).

Eftir skapandi vinnu fyrstu samvinnulotu varð áskorun að láta sögur barnanna ekki liggja í Draumaskólabókunum, heldur finna leið til að draumar þeirra gætu haft áhrif. Einnig þurfti að nálgast börnin sem gerðu ekki Draumaskólabók og finna leið til að þeirra sjónarmið kæmu líka fram (Lundy og Hanna, 2022). Samtalið í annarri samvinnulotu reyndist vera lykillinn að því að sögurnar leiddu til raunverulegra breytinga. Í samræðunum birtust þættir sem skiptu börnin máli í skólastarfi og lágu að baki hugmyndum þeirra, eins og mikilvægi félagslegrar samveru í matsal (Messiou, 2012). Einnig fengu börnin að segja sögur og benda á fleiri málefni, og er hugmyndin um sólina á skólalóðinni dæmi um það.

Megináskorun þriðju samvinnulotu var að safna saman hugmyndum, gera þær að sameign allra og forgangsraða á þann hátt að öllum börnum fyndist þau eiga hlutdeild í þeim hugmyndum sem urðu fyrir valinu. Í ráðgjafahópunum stigu börnin mikilvægt skref frá því að tjá sig um hugmynd til þess að verða gerendur í að breyta skólastarfinu. Áætlanir um matsaðilinn og fræðslu um vináttu eru dæmi um breytingar sem byggja á þeim ákvörðunum sem börnin tóku eftir að hafa fengið að orða, ígrunda, skilja og ræða reynslu sína (Clandinin o.fl., 2016).

Í fjórðu samvinnulotu tóku börnin virkan þátt í að hrinda áætlunum sínum í framkvæmd, þar sem þau höfðu sameinast um hugmyndirnar og álitu þær sameiginlegt verkefni. Vináttuverkefnið, sólin og veggspjöldin voru þess eðlis að sífellt fleiri börn tóku þátt og lögðu til þróunarvinnunnar. Sólin varð að árlegu verkefni árgangsins, sem þýðir að hlutdeild barna í þessu verkefni getur orðið sjálfbær (Messiou, 2019). Útvarpsþátturinn í fimmtu samvinnulotunni var tækifæri til þess að gera upp ferlið, átta sig á árangri og áhrifum verkefnisins og hugsa um áframhaldandi þróun þess. Það var mikilvægt að við gátum komið verkefninu á framfæri á opinberum vettvangi með því að nýta okkur leið sem er mikilvægur þáttur í menningarlífi nærsamfélagsins (Ainscow, 2020).

Lýðræðisleg og opin samvinnurými

Í verkefninu urðu til lýðræðisleg, örugg og opin samvinnurými þar sem börnin gátu valið sér leið til þátttöku samkvæmt styrkleikum sínum og fengu tækifæri til að uppgötva og þróa hæfileika sína, á þeim tíma og í þeim aðstæðum sem hentudu þeim. Hér má nefna Gaut, sem þurfti svigrúm til að ákveða þátttöku, Fjólu, sem kom hugmyndum sínum á framfæri í samtalinu, Nökkva, sem tók ekki þátt í samtalinu en leiddi einn ráðgjafahópin, og Ara, sem tók útvarpsviðtöl við börn og starfsfólk um árangur framkvæmdanna. Auðlindir barnanna (Hafðís o.fl., 2016) fengu að njóta sín vegna

sveigjanleikans sem einkenndi samvinnurými verkefnisins og hve viðbragðssnjallt starfsfólkið var (Hafdís Guðjónsdóttir o.fl., 2005). Fjölbreytileikinn í barnahópnum reyndist vera fjársjóður og eldsneyti (Ruth og Kolbrún, 2015).

Inngildandi skólastarf, sem mætir fjölbreytileika barnanna á árangursríkan hátt, reynir á þekkingu, hæfileika, sveigjanleika og viðbragðssnilli starfsfólks (Hafdís og Edda, 2016; Hafdís o.fl., 2019; reglugerð um hæfniramma fyrir kennara og skólastjórnendur nr. 1355/2022). Í samvinnurýmum verkefnisins tóku börn og starfsfólk virkan þátt í að prófa sig áfram, víkka sjóndeildarhringinn og öðlast hlutdeild í sameiginlegu reynslunámi og þekkingarsköpun um lýðræðislega samvinnu í námi og skólaþróun (Carrington o.fl., 2021; Hafdís o.fl., 2016; Ruth og Kolbrún, 2015).

Sameiginleg ígrundun

Reglulega í gegnum ferli verkefnisins fór fram sameiginleg ígrundun, þar sem börn og fullorðnir greindu gögn, rýndu í framvindu og árangur verkefnisins og ákváðu næstu skref. Ferlið gerði fullorðna fólkinu kleift að hlusta og komast að því sem börnin höfðu fram að færa og lagði því grunninn að því að börnin fóru markvisst að leita leiða til að skapa tækifæri til þátttöku fyrir alla. Mikilvægt er að hlusta á börn og ungmenni til þess að skilja jaðarsetningu, bera kennsl á aðgreinandi þætti og skapa inngildandi skólastarf (Messiou, 2012). Greining barnanna á mikilvægi þess að tilheyra samfélagi og ástæðum fyrir því að sum börn upplifa einmanaleika og jaðarsetningu kom fram þegar þau fengu tækifæri til þess að endursegja og ígrunda sögurnar aftur og aftur í gegnum ferli verkefnisins. Í gegnum frásagnir, endurfrásagnir og ígrundun áttuðu börnin sig betur á eigin upplifun og reynslu, sögunar fengu áheyrn, fullorðnir öðluðust skilning á upplifun og aðstæðum barnanna og í samvinnu allra fóru sögurnar að hafa áhrif (Clandinin, 2013).

Menntun til farsældar felur í sér að skapa börnum tækifæri til þess að tileinka sér mikilvæga hæfni, eins og umbreytandi færni, sem felst í gagnrýninni hugsun, siðferðislegri dómgreind og sköpun (OECD, 2019). Því er mikilvægt að staldra við, hrista upp í hefðbundnu starfi, flétta saman formlegt og óformlegt nám og innleiða samvinnunámsaðferðir þar sem börn eru virkir þátttakendur í samtalinu um nýjar leiðir og lausnir (Hafdís o.fl., 2005; Hajisoteriou o.fl., 2021; Kolbrún og Kristján, 2024; Messiou, 2019).

Valdeflandi náms- og þróunarferli

Í útvarpsviðtölunum kom sterkt fram að það sem börnin kunnu mest að meta við verkefnið var valdeflingin sem þau upplifðu í gegnum þátttöku sína. Börn og fullorðnir tóku virkan þátt í breytingunum, upplifðu að nýju leiðirnar virkuðu og þannig varð árangurinn áþreifanlegur og viðhorf breyttust. Fullorðna fólkið hlustaði á raddir og sjónarhorn barnanna og treystu betur getu þeirra að tjá vilja sinn og fylgja honum eftir. Börnin lærðu að fullorðnir vilja hlusta, eru tilbúnir að vinna með þeim og að framlag þeirra er mikilvægt (Carrington o.fl., 2021).

Markmið og um leið áskorun áframhaldandi þróunarvinnu er að gera Draumaskólaverkefnið að sjálfbærum hluta skólastarfsins. Í því felst að þróa raunhæfan ramma sem festir það í sessi en býður samt upp á nægan sveigjanleika fyrir hugmyndaflug og nýsköpun. Ramminn þarf að innihalda verkefna sem tryggja endurgjöf, áframhaldandi samtal og samvinnu og gera ráð fyrir öllum börnum og ólíkum tjáningarleiðum (Lundy og Hanna, 2022). Það er ekki nóg að veita börnum rétt til þátttöku (e. granting), heldur þarf að tryggja réttinn og standa vörð um hann (e. guaranteeing) (Boban og Hinz, 2022). Þátttaka barna er merkingarlaus og einungis til skrauts (e. tokenism) ef hún tengist ekki rétti þeirra til að hafa áhrif og taka þátt í þekkingarsköpun, en þau þurfa tækifæri til að þjálfast sig (Reitz, 2020) og upplifa að framlag þeirra bætir skólastarfið (Guðmundur, 2013). Raddir barna geta verið hvati til breytinga og þátttaka þeirra drifkraftur í að þróa inngildandi skólasamfélag (Messiou, 2019).

Lokaorð

Að finna leiðir fyrir þátttöku allra barna er bæði kjarni og eitt helsta verkefni skóla- og frístunda- starfs. Á ferðalagi okkar í gegnum Draumaskólaverkefnið teljum við okkur hafa unnið marga sigra hvað þetta varðar en einnig rekið okkur á hindranir og tekist á við ýmsar áskoranir. Saga verkefnisins er sögð sem hvatning fyrir aðra sem vilja fara svipaðar leiðir. Hér skal tekið fram að Draumaskólaverkefnið er ekki uppskrift sem á að fylgja skref fyrir skref, heldur eru dregnir hér fram þeir grundvallar- þættir sem slík verkefni þurfa að byggja á. Þau þurfa að hafa ramma, tilgang og markmið og bjóða upp á rými, þar sem öll börn fá að taka þátt. Kjarninn er að samvinnuferlið byggji á hugmyndum barna og þróist út frá þeim. Hver hópur (skóli, bekkur, frístunda- eða félagsmiðstöð) sem fer í sam- bærilega vinnu þarf að gera verkefnið að sínu og móta það þannig að það passi fyrir þeirra aðstæður. Þannig getur ferlið orðið valdeflandi fyrir starfsfólk á skóla- og frístundasviði, þar sem það á hlutdeild í sköpunarferlinu.

Við berum vonir til þess að í hvert skipti sem Draumaskólaverkefnið verður framkvæmt fái fleiri svör við rannsóknarspurningunum, áhrif barna á þróun skólastarfs aukist og samvinnurými barna og fullorðinna styrkist. Því fleiri hópar sem taka þátt, því skilvirkara ætti ferlið að vera og meiri þekking að skapast.

The Dream-school project: Creating democratic, inclusive, and collaborative spaces for children and adults in a comprehensive school in Iceland

The active participation of children in society is essential for their well-being and success. The main task of the education system is to ensure their involvement and participation within their peer communities. Recently, there have been policy developments concerning inclusive education, school services, and children's rights in Iceland. New laws on inclusive education and services for children and their families place the child in focus. They oblige society to create conditions for the well-being and prosperity of all children by providing appropriate integrated services across institutions without barriers. Children's participation in developing and sustaining services and inclusive practices has been emphasised.

This article explores the development of effective collaboration between children and adults, developing inclusive school practices within the Dream School project. The project was conducted in partnership with the children and the personnel at the middle level (grades 5 to 7) in an Icelandic comprehensive school. It was part of a development project on children's participation and empowerment involving the school, the local youth and leisure centre, and researchers from the University of Iceland. Integrated into the Dream School project was a participatory action research (PAR) study. The PAR method builds on active stakeholder collaboration, involving collaborative inquiry, dialogue, and joint knowledge creation. This aligns with the study's theoretical framework, centring on children's participation, belonging, and empowerment.

The Dream-school project aimed to amplify children's voices and develop effective and sustainable ways to collaborate with children and adults in school. The research aimed to frame the process to understand the evolution of collaboration between children and adults and identify key factors for children's empowerment. Research questions included: How can democratic, collaborative spaces be created for children and adults? What facilitates children's expression of ideas and ensures they are heard and acted upon, fostering effective collaboration between children and adults?

Through five collaborative cycles, the PAR process involved creative conceptualisation, dialogue, planning, action, reflection, and knowledge creation. Children engaged in creative work envisioning their dream school and discussed these ideas with researchers, peers, and school personnel. Advisory groups of children focused on key issues, making proposals and action plans for changing school practices, which they presented to the school community. Children actively participated in implementing their ideas and reflected on the project and their involvement through a radio broadcast at the local station.

Four key findings highlight the impact of the process: it amplified children's voices, created democratic and inclusive spaces for diverse participation, facilitated joint reflection and problem-solving between children and adults, and initiated an empowering learning and development journey. The dream school project fostered growth, strengthening children's voices and increasing participation and collaboration. It established democratic, safe, and flexible collaborative spaces, allowing children to participate according to their strengths and interests and to discover and develop their talents. Through ongoing joint reflection and dialogue, the adults listened to the children's perspectives and discovered what they could contribute to school development. As the children and the adults actively changed school practices and the results became tangible, attitudes toward children's participation changed. Through listening to children's voices and perspectives, adults developed trust in children's abilities to express and follow their will. The children learned that their contribution to school development is important. The adults want to listen and collaborate with them.

The main challenge faced was ensuring the participation of all children in the project, as they chose different ways and levels of involvement. While some children preferred not to engage in the creative work, they shared their ideas through dialogue. Others initially hesitated but later participated actively in advisory groups or radio broadcasting. Thus, the collaborative spaces and the adult facilitators need to be flexible and responsive to offer all children the opportunity to be involved.

Finding ways for all children to participate remains a central task of the educational system. The project's journey pointed us toward developing sustainable frameworks for children's and adult collaboration, promoting ongoing dialogue, feedback, collaboration, and diverse forms of involvement. The narrative of the Dream School project serves as an inspiring example, encouraging further exploration of democratic practices and children's participation within educational settings.

Keywords: inclusive school practices, inclusive education, action research, children's participation, inclusive pedagogy, student democracy

Um höfundu

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg (ruth@hi.is) er aðjunkt á þroskaþjálfrafræðibraut við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og stundar þar einnig doktorsnám. Ruth lauk bakkalágráðu í þroskaþjálfun frá Kennaraháskóla Íslands árið 2003 og meistaraáráðu í þroskaþjálfrafræðum frá Háskóla Íslands árið 2015. Ruth hefur áralanga reynslu sem þroskaþjálfari í grunnskóla og á frístundasviði. Áhersla í starfi hennar og rannsóknum er þátttaka barna í þróun inngildandi skóla- og frístundastarfs og hefur hún nýtt og kannað aðferðafræði þátttöku-starfendarannsókna í þeim tilgangi. Hún hefur kynnt sínar rannsóknir á innlendum og erlendum ráðstefnum.

Hafdís Guðjónsdóttir (hafdgud@hi.is) er prófessor emerita en hún starfaði áður við Kennaraháskóla Íslands og síðan Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Á fyrri hluta starfsferilsins starfaði hún sem kennari við grunnskóla í Reykjavík og Hafnarfirði og sinnti bæði bekkjar- og sérkennslu. Rannsóknir hennar byggjast aðallega á eigindlegum rannsóknum, starfstengdri sjálfsrýni og starfendarannsóknum. Í rannsóknum sínum leggur hún áherslu á menntun fyrir alla, fjölmenningarlega kennslu, kennslufræði grunnskóla, starfsþróun kennara og fagmennsku, en einnig á kennaramenntun, kennslufræði kennaramenntunarkennara og þróun kennaramenntenda. Hún hefur birt fjölda greina og kafla en einnig hefur hún verið ritstjóri tveggja tímarita; Tímarit um uppeldi menntun og Teaching and Teacher Education, en því starfi sinnir hún enn.

About the authors

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg (ruth@hi.is) is an adjunct lecturer and PhD candidate at the School of Education at the University of Iceland. Ruth completed a bachelor's degree in social education from the Iceland University of Education in 2003 and a master's degree in social education studies from the University of Iceland in 2015. Ruth has many years of experience as a social educator in comprehensive schools and the field of leisure. Her work as a practitioner and researcher emphasises children's participation in developing inclusive practices in school and leisure environments. For that purpose, she has utilised and explored the methodology of Participatory Action Research. She has presented her work at national and international conferences.

Hafðís Guðjónsdóttir (hafdgud@hi.is) is a professor emerita. She worked at the University of Iceland School of Education (IUE) for 22 years. Before working at the university, she taught for 26 years as a general classroom teacher and special educator at a compulsory school. Her qualitative research methodology mainly focuses on the self-study of education practices. Her research interests include inclusion and multicultural education, pedagogy and educational practices, teacher development and professionalism, and teacher education. She has published several articles and chapters. She was a co-editor of Icelandic Journal of Education (2017–2021) and currently she is a co-editor of Teaching and Teacher Education.

Heimildir

- Adderley, R. J., Hope, M. A., Hughes, G. C., Jones, L., Messiou, K. og Shaw, P. A. (2015). Exploring inclusive practices in primary schools: Focusing on children's voices. *European Journal of Special Needs Education*, 30(1), 106–121. <https://doi.org/10.1080/08856257.2014.964580>
- Ainscow, M. (2020). Promoting inclusion and equity in education: Lessons from international experiences. *Nordic Journal of Studies in Educational Policy*, 6(1), 7–16. <https://doi.org/10.1080/20020317.2020.1729587>
- Ársæll Már Arnarsson, Sigrún Daniélsdóttir og Rafn Magnús Jónsson. (2020). *Félagstengsl íslenskra barna og ungmenna*. Embætti landlæknis. <http://hdl.handle.net/10802/29109>
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). *Heildartexti Barnasáttmálans*. <https://www.barnasattmali.is/is-um-barnasattmalann/heildartexti-barnasattmalans>
- Berglind Rós Magnúsdóttir. (2016). Skóli án aðgreiningar: Átakapólar, ráðandi straumar og stefnur innan rannsóknarsviðs. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 67–94). Háskólaútgáfan.
- Boban, I. og Hinz, A. (2022). Inklusion und Partizipation: Kritische Reflexion zweier leitender Konzepte angesichts ihrer Vieldeutigkeit und Widersprüchlichkeit. *Zeitschrift für Inklusion*, 4. <https://www.inklusion-online.net/index.php/inklusion-online/article/view/610>
- Bou, M. og Sales, A. (2022). Shared knowledge construction in participatory action research: Perceptions of researchers and educational community. *Educational Action Research*, 32(1), 106–126. <https://doi.org/10.1080/09650792.2022.2111695>
- Brekkubæjarskóli. (e.d.). *Þátttaka er samvinna*. <https://www.brekkubaejarskoli.is/is/thatttaka-er-samvinna/vinnufundur-nemendarads>
- Carrington, S. B., Sagers, B. R., Shochet, I. M., Orr, J. A., Wurfl, A. M., Vanelli, J. og Nickerson, J. (2021). Researching a whole school approach to school connectedness. *International Journal of Inclusive Education*, 27(7), 785–802. <https://doi.org/10.1080/13603116.2021.1878298>
- Carter, E. W., Moss, C. K., Asmus, J., Fesperman, E., Cooney, M., Brock, M. E., Lyons, G., Huber, H. B. og Vincent, L. B. (2015). Promoting inclusion, social connections, and learning through peer support arrangements. *Teaching Exceptional Children*, 48(1), 9–18. <https://doi.org/10.1177/0040059915594784>
- Clandinin, D. J. (2013). *Engaging in narrative inquiry*. Left Coast Press.
- Clandinin, J., Caine, V., Lessard, S. og Huber, J. (2016). *Engaging in narrative inquiries with children and youth*. Taylor & Francis.
- Edda Óskarsdóttir. (2017). *Constructing support as inclusive practice: A self-study* [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Opin vísindi. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/388>
- Edda Óskarsdóttir, Hafðís Guðjónsdóttir og Tidwell, D. (2019). Breaking free from the needs paradigm: A collaborative analysis of inclusion. *Studying Teacher Education*, 15(1), 44–55. <https://doi.org/10.1080/17425964.2018.1541290>
- Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Birna María Svanbjörnsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2021). Framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla á Íslandi: Viðhorf skólafólks og tillögur um aðgerðir. *Netla – Vefrit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.7>

- Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir. (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi: Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi*. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cca962f5-be4f-11e7-9420-005056bc530c>
- Florian, L. og Black-Hawkins, K. (2011). Exploring inclusive pedagogy. *British Educational Research Journal*, 37(5), 813–828. <https://doi.org/10.1080/01411926.2010.501096>
- Fríða Bjarney Jónsdóttir. (2023). *Giving wings to voices: Preschool as an inclusive learning space for communication and understanding* [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Opin vísindi. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/4460>
- Groundwater-Smith, S., Dockett, S. og Bottrell, D. (2015). *Participatory research with children and young people*. Sage.
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2013). Raddir nemenda og lýðræði í skólasterfi. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólasterfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni* (bls. 93–110). Háskólaútgáfan.
- Hafðís Guðjónsdóttir og Edda Óskarsdóttir. (2016). Inclusive education, pedagogy and practice. Í S. Markic og S. Abels (ritstjórar), *Science education towards inclusion*, (bls. 7–22). Nova Science.
- Hafðís Guðjónsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Anna Katarzyna Wozniczka og Karen Rut Gísladóttir. (2016). Námsrými byggð á auðlindum nemenda. *Sérrit Netlu 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. https://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlætis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/003.pdf
- Hafðís Guðjónsdóttir, Edda Óskarsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2019). Responsive teachers in inclusive practices. Í J. Mena, A. García-Valcárcel og F. J. García-Penalvo (ritstjórar), *Teacher's professional development in global context* (bls. 243–262). Brill.
- Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. <http://hdl.handle.net/1946/23999>
- Hajisoteriou, C., Karousiou, C. og Angelides, P. (2021). Children's voices on marginalisation and inclusion: Lessons to be learned from two decades of research in Cyprus. *International Journal of Inclusive Education*, 1–25. <https://doi.org/10.1080/13603116.2021.2008534>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Raddir barna í rannsóknunum. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 13–28). Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Karlsdóttir og Hafðís Guðjónsdóttir. (2010). Hvernig látum við þúsund blóm blómstra? Skipulag og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar. *Ráðstefnurnar Netlu – Menntakvika 2010*. <https://netla.hi.is/serrit/2010/menntakvika2010/016.pdf>
- Kemmis, S., McTaggart, R. og Nixon, R. (2014). *The action research planner: Doing critical participatory research*. Springer.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Hermína Gunnþórsdóttir. (2022). Að tilheyra í skólanum: Áhrifaþættir á upplifun grunnskólanema. *Sérrit Netlu 2021 – HBSC- og ESPAD-rannsóknirnar*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2021.10>
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Kristján Kristjánsson. (2024). Farsæld sem markmið menntunar: Ákall um aðgerðir. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 32(1-2), 83–106. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2023.32.5>
- Lundy, L. og Hanna, A. (2022). Delivering children's right to be heard in education: The importance of feedback. Í M. Grüning, S. Martschinke og J. Häbig (ritstjórar), *Mitbestimmung von Kindern: Grundlagen für Unterricht, Schule und Hochschule* (bls. 92–109). Beltz-Juventa.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013* (2. útgáfa). <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnamskraokt2015breyting.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). *Menntastefna 2030: Fyrsta aðgerðaáætlun 2021–2024*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menntastefna_2030_fyrsta%20adgerdar%c3%a1%c3%a6tlun.pdf

- Messiou, K. (2012). *Confronting marginalisation in education: A framework for promoting inclusion*. Routledge.
- Messiou, K. (2019). The missing voices: Students as a catalyst for promoting inclusive education. *International Journal of Inclusive Education*, 23(7-8), 768–781. <https://doi.org/10.1080/13603116.2019.1623326>
- OECD. (2019). *Conceptual learning framework: Transformative competencies for 2030*. https://www.oecd.org/education/2030-project/teaching-and-learning/learning/transformative-competencies/Transformative_Competencies_for_2030_concept_note.pdf
- Ólafur Páll Jónsson. (2015). Þverstæðan um lýðræðislegt skólastarf. *Uppeldi og menntun*, 24(2), 57–73. <https://timarit.is/gegnir/001409808>
- Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/grunnthaettir_lydr_mannrett.pdf
- Reglugerð um hæfniramma fyrir kennara og skólustjórnendur nr. 1355/2022.
- Reitz, S. (2020). Das Recht auf Partizipation – menschenrechtliche Handlungsnotwendigkeiten im Bildungsbereich. Í I. Boban og A. Hinz (ritstjórar), *Inklusion und Partizipation in Schule und Gesellschaft: Erfahrungen, Methoden, Analysen* (bls. 33–48). Beltz-Juventa.
- Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Anna Björk Sverrisdóttir. (2021). Reynsla og upplifun þroskaþjálfara í grunnskóla af áhrifum COVID-19 faraldursins á þjónustu við nemendur. *Sérrit Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.22>
- Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2015). Þátttökurannsókn á tómsundastarfi fyrir 10 til 12 ára börn: Leiðir til að skapa samvinnu- og námsferli í margbreytilegum barnahópi. *Sérrit Netlu 2015 – Hlutverk og menntun þroskaþjálfara*. https://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfara/005.pdf
- Snæfríður Þóra Egilson. (2016). Skólaþátttaka fatlaðra nemenda: Viðvera tryggir ekki þátttöku. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 117–136). Háskólaútgáfan.
- Sólveig Karvelsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. (2011). Raddir kennara sem kenna fjölbreyttum nemendahópum. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. <https://netla.hi.is/serrit/2010/menntakvika2010/022.pdf>
- Stjórnarráð Íslands. (2024, 28. febrúar). *Umbylting skólaþjónustu*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/02/28/Umbylting-skolathjonustu/>
- UNESCO. (2017). *A guide for ensuring inclusion and equity in education*. <https://doi.org/10.54675/MHHZ2237>
- Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands. (2014). *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. https://www.hi.is/sites/default/files/oddstu/vshi_sidareglur_16_1_2014.pdf
- Þingskjal nr. 1308/2020–2021. Tillaga til þingsályktunar um Barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Hafdís Guðjónsdóttir. (2024)
Draumaskólinn: Lýðræðisleg og inngildandi samvinnurými barna og fullorðinna í grunnskóla
Netla – Vefímarit um uppleddi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2024/alm/08.pdf>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2024/8>